



Tónlistarskóli Ísafjarðar

Ísafjörður 10. júní 2019

Margrét Halldórsdóttir

Sviðstýra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar

Ósk um aukin stöðugildi við Tónlistarskóla Ísafjarðar og rökstuðningur.

Nú sýnist af öllu að dæma að búast megi við aukningu nemenda við Tónlistarskóla Ísafjarðar skólaárið 2019-2020. Nú þegar hafa 194 nemendur staðfest skólavist, þar af eru 26 í forskóla eða kór svo víst er að 168 nemendur halda áfram hljóðfæra- eða söngnámi sínu. Aðeins eru 8 nemendur sem hætta og 11 nýjir nemendur hafa nú þegar sótt um í hljóðfæranám, sem eru ekki inni heildartölu að ofan. Hægt hefur verið að sækja um skólavist rafrænt á heimasíðu skólans undanfarin ár og höfum við hvatt nemendur og forráðamenn til að sækja um skólavist að vori. En breytingar gerast hægt og ef að líkum lætur má búast við töluvert af umsóknum í haust. Því miður er ekki hægt að sjá hversu margir munu gera það. En víst er að 179 munu sækja einkatíma.

Deildarstjórar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri búast hver um sig við að 4 nemendur bætist við nemendahópinn. Saman gerir það **0,59%** í stöðuhlutfalli.

Nú eru allmörg ár síðan farið var í umtalsverðan niðurskurð hjá Tónlistarskólanum í kjölfar hrunsins ógurlega 2008 að beiðni bæjarfélagsins. Stöðugildi skólans voru skorin niður, hljóðfæra- og söngtímar styttnir og fræðakennslan verulega skert og þá var starfsemi útibúsins á Suðureyri hætt. Vorið 2016 talaði ég um að nauðsynlegt væri að lengja einkatímana aftur og gerði ég það að hluta til síðasta vetur. Nú í vetur fékk meirihluti nemenda 60 mínútna hljóðfærakennslu, en þó eru enn nokkrir skráðir í 40 mínútna

Hljóðfæranám á viku, einungis mjög ungir nemendur og þeir fullorðnu nemendur sem enn eru í skólanum fá 30 mínútur á viku. Það hefur sýnt sig að árangur nemenda er meiri og stöðugri þegar kennslustundin er 60 mínútur eins og kveðið er á um í aðalnámsskrá tónlistarskólanna enda gefur það auga leið. Því telja stjórnendur og kennarar skólans mikilvægt að halda áfram á þeirri braut að allir nemendur 10 ára og eldri muni í framtíðinni fá 60 mínútur í einkatíma á viku. Því leggjum við til að 40 mínútna tímarnir verði lengdir um 5 mínútur næsta skólaár. Það eru 66 tímar sem myndu fara úr 40 mínútum í 45. Inní áætlun að lengja tímana uppí 60 mínútur eins og Aðalnámsskrá gerir ráð fyrir. Þessir 66 tímar eru sumir hverjir sóttir af eldri nemendum en 10 ára. Þessi lenging á kennslustund er miðuð við skólaárið 2018-2019. Þessi aukning þýðir **0,53%** stöðuhlutfall

Undanfarin 2 ár höfum við gert mikið átak í fræðakennslu við skólann, enda er kveðið á um hana í aðalnámsskrá tónlistarskóla. Allir nemendur 9 ára og eldri sækja nú hóptíma í tónfræði. Deildarstjóri tónfræðagreina fór yfir þá nemendur sem bætast við í tónfræðina og stefnir í talsverða aukningu þar. Má gera ráð fyrir að sú aukning reinist **0,15%** stöðuhlutfall

Eins og áður sagði er afar erfitt að vita hversu margir munu sækja um skólavist næsta haust. En ef að líkum lætur má búast við að **a.m.k. 25** nýjir nemendur sækji um ef miðað er við reynslu síðustu ára. Ef svo fer má gera ráð fyrir að fyrir utan það sem á undan er talið að þörf sé á **1.24%** stöðuhlutfalli í viðbót.

Samantekt á mati skólastjóra um aukningu hlutfalla við tónlistarskólann:

Lenging á 40 mínútna tímum í 45	0,53%
Aukning í fræðakennslu	0,15%
Áætlun nýrra nemenda Ísafirði	1.24%
Áætlun nýrra nemenda í útibúum	0,59%
Kennsluyfirvinna breytt í hlutfall	<u>0,19%</u>
<u>Samtals</u>	<u>2,70%</u>

Í fjárhagsáætlun fyrir síðasta skólaár var gert ráð fyrir **13,1** stöðugildi en þau voru **12.8**. Því er aukningin sem farið er fram á **2,40%**

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna er talað um mikilvægi skapandi starfs og að allir nemendur í hljóðfæranámi skuli fá tækifæri og örvun til ýmiss konar tónsköpunar sér til ánægju og aukins þroska. Einnig er talað um að „Tölvur og fleiri tækninýjungar síðustu áratuga gegni vaxandi hlutverki í tónsköpun samtímans. Rétt er að nemendur tónlistarskóla eigi þess kost að kynnst tölvutækni í þessum tilgangi og nýta sér hana, meðal annars við eigin tónsköpun.“ (bls.27) Á bls.29 er einnig talað um að mikilvægt sé að nemendum gefist kostur á þátttöku í fjölbreyttum samleik og samsöng, bæði í minni og stærri hópum, svo sem kammerhópum af ýmsum stærðum, hljómsveitum, stórsveitum, kórum, popp-, rokk- og djasshljómsveitum. – Af þessum ástæðum er mikilvægt að hvers kyns samspili og söng sé gert hátt undir höfði. Tónlistarskólinn býður nú uppá rytmískt samspil fyrir eldri og yngri nemendur. Skólinn hefur lagt í mikinn kostnað til kaupa á tækjakosti og hljóðfærum fyrir bæði raftónlist og rytmíska deild í þeirri trú að hann sé að svara kröfum tónlistarskóla 21. aldarinnar. **Það er einmitt skapandi starf, fjölbreytileiki og sveigjanleiki í skólagerðum sem skipa stóran sess í aðalnámskrám allra skólagerða.**

Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 eru tiltekin ákveðin skilyrði sem tónlistarskólar þurfa að uppfylla. Þar á meðal, að auk kennslu í aðalnámsgrein, skuli a.m.k. tvær aukánámsgreinar vera kenndar í hóptímum.

Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur í 70 ár verið í fremstu röð tónlistarskóla á Íslandi. Það er mat mitt að Tónlistarskólinn verði að gegna framangreindum skyldum og veita nemendum þjónustu sem er í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla, einungis þannig verður tónlistarskólinn áfram samkeppnishæfur og fær um að búa nemendur undir leik og starf í tónlistarumhverfi 21. aldarinnar sem er mjög fjölbreytilegt og í örri þróun.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ósk Sturludóttir,

skólastjóri.

